



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Fr. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra  
dómsmálaráðuneyti  
Sölvhólsgata 6  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. júní 2020.

**Efni: Áskorun um að fullgilda valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**

Hæstvirtur ráðherra.

Þann 20. september 2016 samþykkti Alþingi þingsályktun um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) ásamt því að álykta að valkvæð bókun við samninginn skyldi einnig fullgilt fyrir árslok 2017.

Í greinargerð með þingsályktuninni segir um fullgildingu bókunarinnar:

*„Lagt er til að auk samningsins verði viðauki hans einnig fullgiltur. Viðaukinn felur í sér mikilvægar réttarbætur fyrir fatlað fólk, annars vegar kvörtunarleið fyrir einstaklinga til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hins vegar leið fyrir nefndina til að rannsaka alvarleg eða kerfisbundin brot gegn samningnum, með samþykki viðkomandi aðildarríkis.“*

Íslensk stjórnvöld undirrituðu valfrjálsu bókunina við SRFF um leið og þau undirrituðu samninginn sjálfan árið 2007. Valfrjálsa bókunin mælir fyrir um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa sem telja að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa árangurslaust nýtt þau úrræði sem þeir hafa samkvæmt íslenskum lögum og stjórnkerfi til að ná fram þeim réttindum sem kveðið er á um í samningnum. Eftirlitsnefndin getur óskað upplýsinga frá ríkjum og beint tilmælum til þeirra. Með því að fullgilda valfrjálsu bókunina verður virkara aðhald með ríkjum um að framfylgja samningnum, réttaröryggi fatlaðs fólks meira og mannréttindi þess betur varin.

Nú er komið vel á þriðja ár síðan fullgilda átti valfrjálsu bókunina og skorar Mannréttindaskrifstofa Íslands á dómsmálaráðherra að afla sér fulltingis ríkisstjórnarinnar og standa við framangreinda þingsályktun um að fullgilda bókunina svo fatlað fólk fái notið þeirrar mannréttindaverndar sem bókunin veitir.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri